



Sæsa Vídó

Sæfinna Ásta Vídó Sigurgeirs dóttir

f. 5. júlí 1952 - d. 25. febrúar 2022



Forspil
Kvöldsigling
Gísli Helgason / Jón Sigurðsson

Bæn

Drottin er minn hirðir

Margrét Scheving / 23. Davíðssálmur

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum
lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum,
þar sem ég má næðis njóta.

Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari
um dimman dal,
óttast ég ekkert illt því
þú ert hjá mér.

Sproti þinn og stafur huggar mig.
Þú býrð mér borð
frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.

Já, gæfa og náð fylgja mér
alla ævidaga mína,
og í húsi drottins
bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.

Ritningarálestur

Litli tónlistarmaðurinn

Freymóður Jóhannsson

Mamma, ertu vakandi mamma míن?
Mamma, ég vil koma til þín.
Ó mamma, gaman væri að vera stór.
Þá vild' ég stjórna bæði hljómsveit og kór.

Mamma, þú ert elskuleg mamma mín,
mér finnst gott að koma til þín.
En mamma, áðan dreymdi mig draum um þig.
En datt þá fram úr og það truflaði mig.

Þú varst drottning í hárrí höll.
Hljómsveitin! Álfar, menn og tröll,
lék þér og söng í senn, hún var svo stórfengleg.
Tröllin þau börðu á bumburnar.
Blómálfar léku á flauturnar.
Fiðlurnar mennskir menn, á mandolín ég.

Mamma, þú ert elskuleg mamma mín,
mér finnst gott að koma til þín.
En mamma, gaman væri að vera stór.
Þá vild' ég stjórna bæði hljómsveit og kór.

Allir mændum við upp til þín.
Eins og blóm þegar sólin skín.
En þínum faðmi frá,
gjafir flugu um allt.
Flestu gekk vel að grípa sitt.
Glaður náði ég fljótt í mitt.
En stóll er steig ég á,
stóð tæpt svo hann valt.



Gudspjall

Íslenska konan

Billy Joel / Ómar Ragnarsson

Hún bar þig í heiminn og hjúfraði að sér.
Hún heitast þig elskaði og fyrirgaf þér.
Hún ávallt er vörn þín, þinn skjöldur og hlíf.
Hún er íslenska konan
sem ól þig og helgar sitt líf.

Með landnemum sigld'ún um svarrandi haf.
Hún sefaði harma, hún vakt'er hún svaf.
Hún þerraði tárin hún þerraði blóð.
Hún var íslenska konan
sem allt á að þakka vor þjóð.

Ó, hún var ambáttin rjóð
hún var ástkonan hljóð
hún var amma svo fróð.

Ó, athvarf umrenningsins
inntak hjálpræðisins
líkn frá kyni til kyns.

Hún þraukaði hallæri, hungur og fár.
Hún hjúkrað' og stritaði gleðisnauð ár
Hún enn í dag fórna sér endalaust má.
Hún er íslenska konan
sem gefur þér allt sem hún á.

Ó, hún er brúður sem skín
Hún er barnsmóðir þín.
Hún er björt sólarsýn.

Ó, hún er ást, hrein og tær
Hún er alfovður kær.
Hún er Guðsmóðir skær.

Og loks þegar móðirin lögð er í mold
þá lýtur þú höfði og tár falla á fold.
Þú veist hver var skjól þitt,
þinn skjöldur og hlíf.
Það var íslenska konan
sem ól þig og gaf þér sitt líf.

En sólin hún hnígur og sólin hún rís.
Og sjá þér við hlið er þín hamingjudís,
sem alltaf er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.
Það er íslenska konan, tákn trúar og vonar,
sem ann þér og helgar sitt líf.



Minningarord

Kvöldkyrrð

Jónatan Ólafsson / Númi Þorbergsson

Þín minning lifir í mínu hjarta,
þú mesta yndi mér hefur veitt,
við áttum framtíð svo fagra og bjarta,
en flestu örlögir geta breytt.

Og þegar kvöldið er,
svo kyrrt og hljótt,
ég kveðju sendi þér,
þig dreymi rótt.

Þín minning lifir í mínu hjarta,
ég mun því bjóða þér góða nótta.

Bæn

Líttu sérhvert sólarlag

Bragi Valdimar Skúlason

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótta
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fugurðin í henni býr.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Fadir vor

Vestmannaeyjabær

Jakob Frímann Magnússon / Valgeir Guðjónsson

Víst er fagur Vestmannaeyjabær,
vinaleg er einnig Heimaey.
Þú heillandi ert himinblái sær,
af Hásteini má greina lítið fley.

Hér ég þekki hvern hól,
hverja þúfu, hvert ból,
hér er náttúran fögur og rík.
Hér ég átthaga á,
hér ég dvelja vil fá
þar til aldinn ég æviskeiði lýk.

Helgafell ég lít og Herjólfssdal,
af Hánni undurfögur útsýn er.
Ganga meðfram Skansinum ég skal,
er skyggir, út í Bjarnaey ég fer.

Hér ég þekki hvern hól,
hverja þúfu, hvert ból,
hér er náttúran fögur og rík.
Hér ég átthaga á,
hér ég dvelja vil fá
þar til aldinn ég æviskeiði lýk.

Moldun

Nú legg ég augun aftur / Ég fel í forsjá þína

P.C. Krossing / Sveinbjörn Egilsson / Matthías Jochumsson

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, vírst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Blessun

Eftirspil

You better move on

Arthur Alexander.

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug
og bjóða kirkjugestum að biggja veitingar
í safnaðarheimili Landakirkju að afhöfn lokinni.

Prestur: Sr. Guðmundur Örn Jónsson

Söngur: Söngsveitin Stuðlar
Una Þorvaldsdóttir
Jarl Sigurgeirsson

Píanó: Kitty Kovács

Gítar: Jarl Sigurgeirsson

Útför gerð frá Landakirkju 5. mars 2022



